

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. janúar 1985 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi felldur sá aðalskipulagsuppdráttur fyrir Reyðarfjörð sem staðfestur var af ráðuneytinu 4. ágúst 1983.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna greiðslna sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp.

1. gr.

Sjúkrasamlög skulu greiða heilsugæslustöðvum fyrir rannsóknir og slysamóttöku, sem hér segir:

- Fyrir hverja röntgenrannsókn gjald, sem er 15% af A-lið röntgentaxta sjúkrahúsa.
- Fyrir hverja slysamóttöku gjald, sem er 30% af B-lið slystaxta sjúkrahúsa.
- Fyrir hverja blóðmeina- og meinafarnannsókn gjald, sem er 60% af sérfræðigjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur fyrir utansjúkrahússjúklinga, enda sé rannsókn framkvæmd af þar til hæfu starfsfólki öðru en ríkisstarfsmönnum.

Á reikningi skal tekið fram nafn og samlagsnúmer sjúklings, hvaða dag verkið var unnið, hver vann það og hvert það var.